

Nr. 16/1998. Þriðjudaginn 22. desember 1998.

Alþýðusamband Íslands f.h.
Rafiðnaðarsambands Íslands vegna
Félags íslenskra rafvirkja
 (Guðni Á. Haraldsson hrl.)
 gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Samtaka iðnaðarins vegna
J.Á. verktaka
 (Ragnar Árnason hdl.)

Trúnaðarmaður. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 11. desember sl.

Málið dæma Eggert Óskarsson, Kristjana Jónsdóttir, Guðný Björnsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensás-vegi 16, Reykjavík, fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands, kt. 440472-1099, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, vegna Félags ísl. rafvirkja, kt. 530169-4489, sama stað.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík, fyrir hönd Samtaka iðnaðarins, kt. 511093-2019, Hallveigarstíg 1, Reykjavík, vegna J.Á. verktaka, kt. 701292-4809, Gagnheiði 35, Selfossi.

Dómkröfur stefnanda:

1.1. Aðallega. Að dæmt verði að stefndi, J.Á. verktakar, hafi gerst brotlegur við 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 með því að segja upp störfum Antoni Antonssyni, trúnaðarmanni rafiðnaðarmanna við lagningu Búrfellslínu 3A, hinn 21. september 1998.

1.2. Til vara.

Að dæmt verði að brottvikning stefnda, J.Á. verktaka, á Antoni Antonssyni, trúnaðarmanni rafiðnaðarmanna, úr vinnu við lagningu Búrfellslínu 3A, hinn 21. september 1998, sé brot á 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938.

2.0. Krafa.

Að dæmt verði að brottvikning stefnda, J.Á. verktaka, á Antoni

Antonssyni, trúnaðarmanni rafiðnaðarmanna við lagningu Búrfellslínu 3A, hinn 21. september 1998, sé brot á kjarasamningi um lagningu Búrfellslínu 3A frá 17. júlí og 9. september 1998.

3.0. Krafa.

Að stefnda verði dæmd refsing fyrir brot á lögum nr. 80/1938.

4.0. Krafa.

Að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu.

Málavextir.

Í ársbyrjun 1998 gerði Landsvirkjun samning við rússneska fyrirtækið Technopromexport um framleiðslu og uppsetningu raflínumastra fyrir Búrfellslínu 3A. Í framhaldi af því gerði Technopromexport samning við stefnda, J.Á. verktaka, um það að hann legði til íslenska starfsmenn við framkvæmdina.

Hinn 17. júlí 1998 var gerður kjarasamningur um vinnufyrirkomulag, kaup og kjör þeirra er vinna við verkið. Samningur þessi var milli Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) og Félags járníðnaðarmanna annars vegar og J.Á. verktaka og Technopromexport hins vegar. Honum til fyllingar var síðan gert sérstakt samkomulag (minnisblað), dags. 9. september 1998. Í kjarasamningnum er tekið fram að um önnur atriði fari eftir virkjunarsamningi Landsvirkjunar og VSÍ frá 24. mars 1997.

Stefndi, J.Á. verktakar, óskaði eftir því við rafverktakafyrirtækið Árvirkjann ehf., Selfossi, að fyrirtækið útvegaði honum rafiðnaðarmenn til verksins. Einn þeirra manna sem það fyrirtæki lagði til var Anton Antonsson og hóf hann störf 22. ágúst 1998. Skriflegur ráðningarsamningur var ekki gerður við hann. Anton fékk laun sín greidd frá Árvirkjanum ehf.

Með bréfi, dags. 14. september 1998, tilkynnti Rafiðnaðarsamband Íslands stefnda J.Á. verktökum að Anton Antonsson hefði verið tilnefndur trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna á vinnustaðnum.

Samkvæmt ósk stefnda var Anton Antonsson tekinn úr verkinu 21. september 1998 og færður til annarra starfa hjá Árvirkjanum ehf.

Með bréfi formanns RSÍ, dags. 22. september 1998, var þessu mótmælt. Því bréfi var svarað af J.Á. verktökum 25. september s.á.

Þar var því borið við að Anton hefði ekki nægjanlega reynslu og þekkingu til þess að vinna við verkið. J.Á. verktakar óskuðu síðan eftir öðrum manni frá Árvirkjanum ehf. í stað Antons.

Í málinu er deilt um það hvort stefndi J.Á. verktakar hafi brotið gegn ákvæðum 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 og kjarasamningi með flutningi Antons Antonssonar úr starfi við Búrfellslínu 3A.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

1.1. Aðalkrafa.

Um verk það er um ræðir gildi kjarasamningur aðila frá 17. júlí 1998 og honum til fyllingar samkomulag frá 9. september s.á. Í kjarasamningnum sé beinlínis tekið fram að um önnur kjör fari eftir virkjunarsamningi Landsvirkjunar og VSÍ frá 24. mars 1997.

Í síðastgreindum samningi gr. 13.1.1. sé að finna eftirfarandi ákvæði:

„Þeim verkalýðsfélögum og landssamböndum, sem eru aðilar að samningi þessum, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á vinnustaðnum, (hér er átt við: byggingarmenn, rafiðnaðarmenn, málm- iðnaðarmenn . . .“

Með tilkynningu RSÍ hinn 14. september 1998, sem ekki hafi sætt mótmælum stefnda né annarra, hafi Anton verið tilnefndur trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna við reisingu Búrfellslínu 3A.

Um stöðu hans, eftir þessa tilkynningu, hafi því farið samkvæmt 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938.

Sú ákvörðun stefnda, J.Á. verktaka, að taka hann úr verkinu og brottvikning hans að öðru leyti hafi jafngilt uppsögn úr starfi í skilningi 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 og hafi því verið ólögmat.

Stefndi, J.Á. verktakar, hafi verið vinnuveitandi í skilningi 4. og 11. gr. greindra laga, þar sem hann hafði stjórnunarrétt yfir Antoni. Stjórnunarrétturinn feli í sér réttinn til þess að ráða og reka. Með því að taka við honum hafi stefndi tekið á sig þær skyldur að virða öll hans réttindi, til að mynda varðandi öryggi á vinnustað, allan aðbúnað og önnur réttindi, þ.m.t. réttindi hans sem trúnaðarmanns.

Vinnuveitandinn, J.Á. verktakar, hafi þær sömu skyldur lögum samkvæmt og aðrir vinnuveitendur þ.m.t. að virða rétt trúnaðarmanna. Sú staðreynd að hann greiði Árvirkjanum ehf. leigu sem síðan sé notuð til þess að greiða Antoni laun skipti engu máli í þessu sambandi.

Með því að viðurkenna að slíkir vinnuveitendur væru lausir við

slíkar skyldur, væri verið að viðurkenna leið til þess að fara fram hjá þeim reglum er gilda um trúnaðarmenn og heimila þeim þannig að losa sig við fulltrúa launþega sem að þeirra mati séu óþægilegir.

Engu máli skipti þó Anton fái laun sín greidd frá Árvirkjanum ehf. því stefndi taki að öðru leyti við réttindum hans og beri ábyrgð á þeim. Til marks um þetta er bent á 4. gr. laga nr. 77/1993 sem tryggja trúnaðarmönnum óbreytta stöðu þrátt fyrir eigendaskipti að atvinnurekstri.

Verði ekki á það fallist að stefndi hafi verið vinnuveitandi í skilningi 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938 þá er á því byggt að hann sé umboðsmaður og trúnaðarmaður Árvirkjans ehf. í skilningi 4. og 11. gr. laganna og uppsögn hans að sama skapi brot á þeim ákvæðum.

Því er auk þess haldið fram að uppsögnin hafi átt rót sína að rekja til starfa Antons sem trúnaðarmanns og sé því þegar af þeirri ástæðu andstæð 11. gr. laga nr. 80/1938.

Á því er einnig byggt að trúnaðarmenn eigi samkvæmt nefndri 11. gr. að sitja fyrir um störf, sbr. lokamálslið greinarinnar. Uppsögn á störfum Antons brjóti í bága við þá meginreglu og sé þar af leiðandi ólögmat.

1.2. Varakrafa.

Verði ekki á það fallist að um uppsögn úr vinnu hafi verið að ræða af hálfu stefnda, J.Á. verktaka, þá er á því byggt að stefndi hafi með brottvikningu hans, látið hann gjalda fyrir það að hann var trúnaðarmaður og auk þess vanvirt rétt hans til vinnu umfram aðra. Slíkt sé ólögmat.

Er um þetta vísað til 4. gr. og 11. gr. laga nr. 80/1938 og þess að ástæða brottvikningarinnar hafi verið sú að Anton hafi valdið óróa á vinnusvæðinu.

2.0. Önnur krafa.

Í kjarasamningi aðila frá 9. september 1998, 3. tl., sem hafi verið til fyllingar samningi aðila frá 17. júlí s.á., sé að finna eftirfarandi ákvæði:

„Starfsmenn verða ráðnir til verksins alls og sagt upp í samræmi við gildandi kjarasamninga.“

Stefndi, J.Á. verktakar, hafi undirritað samkomulag þetta svo og kjarasamninginn frá 17. júlí 1998.

Á því er byggt að stefndi, J.Á. verktakar, hafi með samkomulaginu skuldbundið sig til þess að hafa þá er hjá honum unnu út

verktímann. Með því að vísa Antoni af vinnustað án nokkurs fyrirvara hafi hann gerst sekur um brot á þessu ákvæði og kjarasamningi aðila.

3.0. Þriðja krafa.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt í ríkissjóð þar sem hann hafi gerst brotlegur við lög nr. 80/1938 og auk þess brotið samningsbundnar skyldur samkvæmt kjarasamningi frá 9. september, 3. tl.

Er um þetta vísað til 65. gr. laga nr. 80/1938.

4.0. Fjórða krafa.

Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað að mati hins virðulega réttar með vísan til 65. gr. laga nr. 80/1938.

Um aðild er tekið fram að Anton Antonsson sé félagsmaður í Félagi ísl. rafvirkja. Það félag eigi aðild að Rafiðnaðarsambandi Íslands sem eigi aðild að Alþýðusambandi Íslands. J.Á. verktakar eigi aðild að Samtökum iðnaðarins, sem aðild eigi að VSÍ.

Málsástæður og lagarök stefnda.

1.0. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ekki liggi fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938, enda hafi Anton Antonsson ekki haft stöðu trúnaðarmanns gagnvart stefnda, J.Á. verktökum. Mótmælt er að 4. gr. sömu laga eigi við í þessu máli.

1.1. Í gr. 13.1.1. þess kjarasamnings sem lagður sé til grundvallar í stefnu, svonefndum virkjunarsamningi, séu ákvæði um hverja megi tilnefna til trúnaðarmannastarfa. Þar segir:

„Peim verkalýðsfélögum og landssamböndum, sem eru aðilar að samningi þessum, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á vinnustaðnum, (hér er átt við: byggingamann, rafiðnaðarmann, málmiðnaðarmann, þrjá verkamenn valda úr mismunandi starfsgreinum þ.á.m. einn stjórnanda vinnuvéla, bifreiðastjóra, skrifstofumann og einn fyrir ræstingu og mótuneyti, samtals 9).“

Rafiðnaðarsambandi Íslands sé samkvæmt kjarasamningnum óheimilt að tilnefna aðra en rafiðnaðarmenn í stöðu trúnaðarmanns rafiðnaðarmanna. Rafiðnaðarmaður sé iðnaðarmaður sem lokið hafi sveinsprófi í rafiðngreinum. Í 9. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978 segir:

„Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarábréf í iðngreininni.“

Anton Antonsson hafi ekki sveinsbréf í rafiðngrein. Hann sé því ekki rafiðnaðarmaður. Hann njóti heldur ekki félagsréttinda í Félagi ísl. rafvirkja, sbr. 4. gr. laga félagsins. Tilnefning Rafiðnaðarsambands Íslands á Antoni Antonssyni í stöðu trúnaðarmanns hafi verið brot á kjarasamningi og því marklaus gagnvart stefnda, J.Á. verktökum. Anton hafði ekki stöðu trúnaðarmanns og naut því ekki verndar samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938.

1.2. Einnig er á því byggt að stefnanda hafi ekki verið heimilt að kjósa eða tilnefna, sem trúnaðarmann rafiðnaðarmanna við Búrfellslínu 3A, mann sem komi inn á vinnustað sem „lánsmaður“ frá öðru fyrirtæki.

Stefndi telur það ekki vera í samræmi við tilgang og hlutverk trúnaðarmanna samkvæmt lögum og kjarasamningum að trúnaðarmaður starfsmanna eins fyrirtækis sé starfsmaður annars fyrirtækis. Anton Antonsson sé starfsmaður Árvirkjans ehf. Það fyrirtæki hafi hinn raunverulega stjórnunarrétt yfir Antoni, þ.á.m. réttinn til að færa hann til í starfi og segja honum upp störfum. Samkvæmt samkomulagi J.Á. verktaka og Árvirkjans ehf. skyldi Árvirkinn ehf. leggja J.Á. verktökum til þrjá rafiðnaðarmenn. Árvirkinn ehf. hafði um 20 rafiðnaðarmenn í vinnu og hafi fyrirtækinu verið í sjálfsvald sett hvaða starfsmenn það legði til, svo framarlega sem þeir hefðu sveinspróf sem rafvirkjar eða rafveituvirkjar. Árvirkjanum ehf. hafi því verið hvenær sem var heimilt að skipta út mönnum og setja nýja í staðinn. Sé það í samræmi við almennar reglur verktakaréttar.

Stefndi hafi mótmælt samdægurs tilnefningu á Antoni Antonssyni í starf trúnaðarmanns með vísan til þess að hann væri lánsmaður frá Árvirkjanum ehf. Þau mótmæli hafi verið ítrekuð með bréfi stefnda til RSÍ, dags. 25. september 1998. Árvirkinn ehf. hafi einnig mótmælt tilnefningunni með bréfi, dags. 25. september 1998.

EKKI VERÐI SÉÐ AÐ LÖG NR. 77/1993 UM RÉTTARSTÖÐU STARFSMANNA VIÐ AÐILASKIPTI AÐ FYRIRTÆKJUM EIGI VIÐ Í MÁLI ÞESSU.

2.0. Verði á það fallist með stefnanda að Anton Antonsson hafi haft stöðu trúnaðarmanns gagnvart stefnda, J.Á. verktökum, er á því byggt að honum hafi ekki verið sagt upp starfi eða á annan hátt verið látinn gjalda starfa sinna sem trúnaðarmaður og því hafi stefndi ekki brotið gegn 11. gr. laga nr. 80/1938. Því er mótmælt að 4. gr. eða 2. málsl. 11. gr. sömu laga eigi við í þessu sambandi.

2.1. Antoni hafi aldrei verið sagt upp störfum. Hann sé enn í

starfi hjá sínum vinnuveitanda. Eins og segir í stefnu þá felist í stjórnunarrétti vinnuveitanda réttur til að ráða og reka. Þessi réttur hafi verið og sé í höndum Árvirkjans ehf. Félagið gat hvenær sem var tekið Anton úr verkinu eða sagt honum upp störfum. Þessi réttur hafi aldrei verið í höndum J.Á. verktaka. Uppsögn af þeirra hálfu hefði verið gildislaus gagnvart Antoni.

2.2. Anton hafi ekki komið fram sem trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna gagnvart stefnda og því reyni ekki á hvort hann hafi verið látinn gjalda starfa sinna sem „trúnaðarmaður“. Sönnunarbyrði um að svo hafi verið hvíli einvörðungu á stefnanda. Mótmælt er fullyrðingum stefnanda um að Anton hafi verið látinn fara „sakir þess að hann ylli óróa á vinnustað“. Slíkar staðhæfingar hafi aldrei komið frá stefnda.

2.3. Mótmælt er hugleiðingum stefnanda um að stefndi hafi verið „umboðsmaður og trúnaðarmaður Árvirkjans“, sbr. 4. og 11. gr. 1. nr. 80/1938. Þessi ákvæði eigi einungis við þá menn sem hafa stjórnunarrétt samkvæmt umboði atvinnurekanda. Aðrir, sem ekki hafi stjórnunarrétt yfir starfsmönnum, þ.m.t. réttinn til að ráða og reka, geti ekki fallið undir 4. gr. eða 11. gr.

2.4. Einnig sé vafi um að Anton Antonsson hafi verið valinn formlega með réttum hætti. Í bréfi Rafiðnaðarsambands Íslands til stefnda, dags. 14. september 1998, segir að Anton hafi verið kosinn trúnaðarmaður starfsmanna.

3.0. Því er mótmælt að stefndi, J.Á. verktakar hafi brotið kjarasamning um lagningu Búrfellslínu, dags. 17. júlí 1998.

Mótmælt er skilningi stefnanda á ákvæði minnisblaðsins um ráðningu „til verksins alls“. Ekki sé verið með því að lofa einstökum starfsmönnum starfi út verktímamann enda sérstaklega tekið fram að starfsmönnum verði sagt upp störfum í samræmi við gildandi kjarasamninga. Eins og komi fram í yfirlýsingunni sé verið að áretta að starfsmenn séu ekki ráðnir til verksins frá viku til viku.

Þess er krafist að allur vafi um túlkun yfirlýsingarinnar verði túlkadur stefnda í hag enda hafi hann verið undir óeðlilegum þrýstingi frá stéttarfélagunum sem beitt hafi ólöglegum verkföllum til að knýja á um breytingar á kjarasamningi.

Einnig er bent á að minnisblað aðila, dags. 9. sept. 1998 hafi enga bindandi þýðingu fyrir Árvirkjann ehf. Það fyrirtæki gat hvenær

sem er tekið Anton Antonsson úr verkinu og sett annan mann í hans stað.

4.0. Mótmælt er kröfu stefnanda að stefnda verði gerð refsing á grundvelli laga nr. 80/1938. Dómvenja sé fyrir því að dæma ekki refsingu í málum sem þessum.

Niðurstaða.

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 1. og 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Í ársbyrjun 1998 samdi Landsvirkjun við rússneska fyrirtækið Technopromexport um framleiðslu og uppsetningu raflínumastra og leiðara í Búrfellslínu 3A. Stefndi J.Á. verktakar ehf. var verktaki hjá hinu rússneska fyrirtæki og tók að sér að sjá aðalverktakanum fyrir nægilegum mannafla til starfa við verkið. Í því skyni samdi stefndi við rafverktakafyrirtækið Árvirkjann ehf. á Selfossi um að útvega stefnda rafvirkja til þessara starfa. Í skjóli þessa samkomulags fór starfsmaður Árvirkjans ehf., Anton Antonsson, til starfa við línuna. Með bréfi Rafiðnaðarsambands Íslands, dagsettu 14. september 1998, var stefnda tilkynnt að Anton hefði verið kosinn trúnaðarmaður rafiðnaðarmanna sem unnu á línusvæðinu. Þann 21. september s.á. fór stefndi þess á leit við Árvirkjann ehf. að Anton yrði tekinn úr starfinu og annar maður fenginn í hans stað. Næsta dag hvarf Anton til annarra starfa á vegum Árvirkjans ehf.

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um það hvort flutningur Antons úr starfi við Búrfellslínu 3A teljist annars vegar vera uppsögn eða brottvikning úr starfi, sem sé ólögmat og brjóti í bága við 4. gr. og 11. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur, og hins vegar brot á kjarasamningi um lagningu línunnar frá 17. júlí og 9. september 1998.

Í lokamálslið 1. gr. í sérstökum kjarasamningi frá 17. júlí 1998 milli Rafiðnaðarsambands Íslands og Félags járníðnaðarmanna annars vegar og stefnda J.Á. verktaka og Technopromexport hins vegar er ákvæði um að samningur frá 24. mars 1997 um virkjunarframkvæmdir á vegum Landsvirkjunar, svonefndur virkjunarsamningur, skuli gilda um það sem ekki er tekið fram í samningnum. Í 1. málslið greinar 13.1.1. í téðum virkjunarsamningi er ákvæði um tilnefningu trúnaðarmanna. Þar segir svo, orðrétt:

„Þeim verkalýðsfélögum og landssamböndum, sem eru aðilar að samningi þessum, er heimilt að velja sér trúnaðarmann á vinnu-

staðnum, (hér er átt við: byggingamann, rafiðnaðarmann, málmíðnaðarmann, þrjá verkamenn valda úr mismunandi starfsgreinum þ.á.m. einn stjórnanda vinnuvéla, bifreiðastjóra, skrifstofumann og einn fyrir ræstingu og mötuneyti, samtals 9).“

Samkvæmt samningsákvæði þessu var stéttarfélagum og landsamböndum þeirra heimilt að tilnefna trúnaðarmenn á línusvæðinu, en líta verður svo á að umrætt línusvæði sé vinnustaður í skilningi ákvæðisins, jafnvel þótt þar hafi ekki verið til að dreifa starfsmönnum úr öllum þeim starfsgreinum sem í ákvæðinu eru nefnd. Ákvæðið hefur ekki að geyma nein fyrirmæli um það hvernig að tilnefningu trúnaðarmanna skuli staðið. Þeim stéttarfélagum eða landssamböndum, sem heimild hafa til að tilnefna trúnaðarmann á hverjum vinnustað, er í sjálfsvald sett hvernig að tilnefningunni er staðið. Í tilviki því, sem hér um ræðir, var Rafiðnaðarsambandi Íslands sem aðila að áðurnefndum kjarasamningi frá 17. júlí 1998 því heimilt að tilnefna trúnaðarmann á þann hátt sem það kaus, sbr. tilvitnað ákvæði virkjunarsamningsins. Þær aðferðir, sem viðhafðar voru af hálfu sambandsins við tilnefningu trúnaðarmannsins, koma því ekki hér til sérstakrar skoðunar. Óumdeilt er í málinu að Anton Antonsson var í Félagi íslenskra rafvirkja á þeim tíma er hér skiptir máli, en það félag á aðild að Rafiðnaðarsambandinu. Þótt stefndi hafi borið bríður á að vera Antons í félaginu samrýmist lögum þess verður ekki talið að það hafi þýðingu við val hans sem trúnaðarmanns. Að þessu virtu verður ekki talið að Rafiðnaðarsambandi Íslands hafi verið óheimilt að tilnefna Anton sem trúnaðarmann sinn með þeim hætti sem gert var.

Stefndi og Árvirkinn ehf. gerðu ekki skriflegan samning sín í milli um það hvernig og með hvaða skilmálum Árvirkinn ehf. útvegaði rafvirkja til starfa við línuna. Af gögnum málsins og af skýrslutökum fyrir dóminum telst þó upplýst að Anton Antonsson var ráðinn til starfa hjá Árvirkjanum ehf. og hann var starfsmaður þess fyrirtækis meðan hann vann við línuna. Það greiddi honum einnig kaup. Ennfremur var það á valdi Árvirkjans ehf. að ákveða hvaða starfsmenn þess færu til starfa við línuna. Stefndi hafði ekki vald til að ráða því eða ákveða sjálfur hvaða starfsmenn Árvirkinn ehf. útvegaði. Þá var fagleg verkstjórn á svæðinu í höndum starfsmanna hins rússneska verktafyrirtækis. Auk þess að hafa eigin starfsmenn við vinnu á línusvæðinu virðist hlutverk stefnda einkum hafa verið að annast tengsl

milli íslensku starfsmannanna og þeirra rússnesku, halda til haga skýrslum um vinnutíma Íslendinganna og sjá um aðföng og mata-raðstöðu á svæðinu. Það var því ekki ráðningarsamband milli stefnda og nefnds Antons eða annarra sem Árvirkinn ehf. léði til verksins. Af því leiðir að stefndi, J.Á. verktakar, var ekki vinnuveitandi Antons Antonssonar í skilningi 4. og 11. gr. laga nr. 80/1938. Þá verður heldur ekki talið að stefndi, J.Á. verktakar, hafi verið umboðsmaður eða trúnaðarmaður Árvirkjans ehf. í skilningi greindra lagaákvæða.

Eins og hér hagar til, verður ekki talið að neitt slíkt réttarsamband hafi verið á milli stefnda, J.Á. verktaka, og Antons Antonssonar að flutningur hans úr starfi við Búrfellslínu 3A feli í sér að stefndi hafi gerst brotlegur við 4. gr. og 11. gr. laga nr. 80/1938.

Líta ber á minnisblað frá fundi þann 9. september 1998, sem m.a. var undirritað af fyrirsvarsmönnum Rafiðnaðarsambands Íslands og stefnda, J.Á. verktaka, sem samkomulag þeirra aðila, sem undir það rituðu. Ekki verður talið að ákvæði 3. tl. minnisblaðsins um ráðningu og uppsögn starfsmanna hafi verið bindandi fyrir stefnda, J.Á. verktaka, gagnvart Antoni Antonssyni, sem var starfsmaður Árvirkjans ehf. Verður stefndi því ekki talinn hafa brotið gegn ákvæðum kjarasamningsins frá 17. júlí 1998 eða því samkomulagi sem felst í minnisblaðinu frá 9. september 1998.

Af því sem að framan greinir er það niðurstaða dómsins að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda. Eins og atvikum er háttað þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands fyrir hönd Samtaka iðnaðarins vegna J.Á. verktaka, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands fyrir hönd Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra rafvirkja, í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i
Gunnars Sæmundssonar.

Þótt algengast sé að ráðningarsamband sé milli trúnaðarmanns á vinnustað og atvinnurekanda þar verður slík regla hvorki byggð á lögum né kjarasamningi málsaðila. Því verður að telja að stéttarfélagi eða landssambandi sé heimilt að velja trúnaðarmann úr hópi annarra sem starfa á vinnustaðnum, ef þeim er til að dreifa og það telur slíkt hagkvæmt. Þá hefur stefndi ekki geng neitun stefnanda sannað að hann hafi mótmælt vali Antons Antonssonar sem trúnaðarmanns fyrr en með bréfi dags. 25. september 1998, þ.e. eftir að hann hafði fengið Anton fluttan úr starfi hjá sér með samkomulagi við Árvirkjann ehf. Sýknudómur yfir stefnda verður því ekki reistur á þessum rökum.

Á það ber hins vegar að fallast með stefnda að ekki hafi verið sýnt fram á að Anton hafi verið fluttur úr starfi við Búrfellslínu 3A vegna starfa sinna sem trúnaðarmaður eða verið látinn gjalda þess að hann var valinn til þess starfa. Þá er ekki í ljós leitt neitt það athæfi af hálfu stefnda sem varðar við 4. gr. laga nr. 80/1938. Því verður ekki talið að stefndi hafi brotið gegn því lagaákvæði né 1. málslíð 11. gr. sömu laga. Þá er efni 3. töluliðs minnisblaðs frá fundi málsaðila og fleiri frá 9. september 1998, sem stefnandi telur hluta af kjarasamningi þeirra, of óljóst til að talið verði að stefndi hafi brotið gegn því með margnefndum flutningi Antons úr starfi við Búrfellslínu 3A. Flutningurinn þykir hins vegar varða við 2. málslíð 11. gr. laga nr. 80/1938 eins og það ákvæði hefur verið skýrt af Félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

D ó m s o r ð:

Flutningur trúnaðarmanns rafiðnaðarmanna Antons Antonssonar úr starfi við Búrfellslínu 3A sem gerður var að tilhlutan stefnda J.Á. verktaka var brot á meginreglu 2. málslíðs 11. gr. laga nr. 80/1938 og ólögmatúr af þeim sökum.

Hvor aðila greiði sinn kostnað af málinu.
